

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um 151
hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni 8. júlí
öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir
Hnifsdalsverzlunarstað, nr. 34 10. apríl 1935.

Samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1952.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

152

9. júlí

um breyting á reglum um veitingu einkarafstöðvalána úr raforkusjóði,
nr. 114 30. júní 1947.

1. gr. reglnanna orðist svo:

Úr raforkusjóði má veita lán samkvæmt 3. tölul. 35. gr. raforkulaganna, allt
að kr. 350 000 samtals á hverju almanaksári. Slík lán verða hér eftir í reglum
þessum nefnd einkarafstöðvalán.

2. gr. 5. gr. orðist svo:

Vextir af einkarafstöðvalánnum skulu vera 3% og greiðist eftir á árlega. Lánin
mega vera afborganalaus fyrstu tvö árin, en greiðist síðan upp með jöfnum af-
borgunum á 15 árum, eða fyrr, ef lántakandi óskar.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og
öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnumálaráðuneytið, 9. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

153

10. júlí

um breyting á reglum um veitingu mótórrafstöðvalána úr raforkusjóði,
nr. 107 12. júní 1950.

1. gr. 5. gr. reglnanna orðist svo:

Vextir af mótórrafstöðvalánnum skulu vera 3½% og greiðast eftir á árlega.
Lánin mega vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan upp með jöfnum
afborgunum á 7 árum eða fyrr, ef lántaki óskar þess.

2. gr. Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, og
birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.